

Fornbátaskrá Vestmannaeyja



Helgi Máni Sigurðsson
13.8. 2018


Inngangur

Vestmannaeyjar hafa verið ein stærsta verstöð landsins um aldir. Þaðan var róið á fjölda báta á árabátatímanum, frá miðöldum og fram á 20. öld, meðal annars bátum í eigu Dana á 16.-18. öld. Á 20. öldinni eflist útgerðin síðan mjög með aukinni tækni, vélvæðingu og stærri skipum. Hafa Vestmannaeyjar löngum verið stærsta verstöð Íslands enda er þaðan skammt í gjöfulustu fiskimið landsins.¹

Frumkvöðlar Byggðasafns Vestmannaeyja voru Þorsteinn Þ. Víglundsson, Eyjólfur Gíslason frá Bessastöðum og Árni Árnason símritari. Fyrst safngripurinn barst vorið 1932. Fyrstu árin var munum komið fyrir í geymslu á heimili hans, en síðar fékk safnið inni á háalofti nýbyggingar Gagnfræðaskólans, og árið 1964 var safnið opnað almenningi á 3. hæð Sparisjóðsins. 1978 opnaði safnið á ný eftir gos í Safnahúsinu.²

Vígsla Byggðarsafns Vestmannaeyja á núverandi stað í Safnahúsi átti sér stað 15. apríl 1978. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á safninu og uppsetningu sýninga frá því að safnið komið í húsið. Stærstar eru þó þær sem gerðar voru veturinn 2010-2011 er opnað var alveg gjörbreytt safn 2. júlí 2011 undir nafninu Sagnheimar. Eigandi safnsins er Vestmannaeyjabær.³

Bátafloti Sagnheima telur fimm fley eins og fram kemur í þessari skrá. Eitt þeirra mun hafa verið afskrifað nokkurn veginn, þ.e. „Litli bátur“, og líklegt er að annað, Eiðisbáturinn, verði einnig látinn fara. Lang merkilegasti báturinn er Farsæll, smíðaður 1972, sem er geymdur utandyra og liggur undir skemmdum. Tveir fornbatar til viðbótar eru varðveittir í Vestmannaeyjum, fiskiskipið Blátindur og lóðsbáturinn Léttir VE. Fjallað er um Blátind í skýrslunni „Stakir bátar“. Gerð er grein fyrir Létti í „Skrá yfir skip eldri en 1950 á skipaskrá Samgöngustofu.“⁴



Þorsteinn Þ. Víglundsson, stofnandi Byggðasafnsins

¹ heimaslod.is

² sagnheimar.is

³ sagnheimar.is

⁴ Helga Hallbergsdóttir tölvupóstur til HMS dags. 5.2. 2018

Í Sagnheimum er sjómennsku og fiskvinnslu Eyjamanna gerð nokkur skil. Saga frumkvöðla og afreksmanna er rakin ásamt sögu hafnargerðar, bátasmíða og vinnslu sjávarafla. Þar er og að finna beituskúr og verbúð. Bjargveiðimenn eiga einnig sinn kofa.⁵

Myndin á forsíðunni er frá Vestmannaeyjahöfn, tekin af netsíðunni heimaslod.is og er í eigu Sagnheima.

Efnisyfirlit

Fríða	4
Eiðisbáturinn	8
Farsæll	13
„Litli bátur“	20
Kajak	22
Gúmmíbjörgunarbátur	24



Sjómenn að störfum. Ljósmynd: heimaslod.is

⁵ sagnheimar.is



Fríða á sýningu Sagnheima, 2018. Ljósmynd: Sagnheimar/Helga Hallbergsdóttir

Fríða (skjögtbátur)

1. Safnnúmer: Ekkert númer á honum né annað slíkt auðkenni.

2. Tegund: Árabátur; skekta ⁶

3. Hlutverk: Fiskibátur; skemmtibátur (skjögtbátur)⁷

4. Eigandi: Sagnheimar, byggðasafn, síðan 1987

5. Fyrri eigendur:

- Ísleifur Högnason og Helga Rafnsdóttir

- Helga Rafnsdóttir, ekkja Ísleifs, gaf safninu bátinn 1987

6. Varðveislustaður: Á sýningu í Sagnheimum

7. Smíðaár: 1949

8. Smiður: Ólafur Ástgeirsson frá Litlabæ

9. Smíðastaður: Vestmannaeyjar

10. Brúttórúmllestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 3,96 x 1,42 x 0,58 ⁸

⁶ Jón Allansson talar um skektu (ath. hvaða merkingu orðið hafði í Vestmannaeyjum)

⁷ Ólafur í Litlabæ, sem smíðaði bátinn, var þekktur fyrir skjögtbáta sína, sjá pistil um hann síðar í þessum kafla. Sennilega er þessi bátur þeirrar gerðar.

⁸ Samkvæmt Jóni Allanssyni eru málin 3,90 x 1,35



Fríða á sýningu Sagnheima, 2018. Ljósmynd. Helga Hallbergsdóttir.

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Eik og fura;⁹ súðbyrtur

13. Skrokklag: Með beint, örlítið lotað framstefni; með gafl að aftan

14. Pílför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Með einni siglu og segli

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Ólafur Ástgeirsson í Litlabæ, þekktur bátasmiður, smíðaði Fríðu fyrir Ísleif Högnason árið 1949. Báturinn var notaður til handfæraveiða og skemmtisiglinga undir segli og árum.

Ísleifur Högnason (1895–1967) var kaupfélagsstjóri, bæjarfulltrúi og alþingismaður (1937–1942).¹⁰



Ísleifur Högnason.¹¹

⁹ Jón Allansson 1995

¹⁰ Althingi.is

¹¹ heimaslod.is

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:



Ólafur Ástgeirsson árið 1966. Ljós. Heimaslod

Ólafur Ástgeirsson Óli í Bæ, eða Óli í Litlabæ, eins og hann var oftast kallaður, var fæddur í Litlabæ í Vestmannaeyjum 3. ágúst 1892 og lést 8. apríl 1966. Hann var sonur þeirra Kristínar Magnúsdóttur og Ástgeirs Guðmundssonar skipasmiðs.

Snemma varð ljóst að Óli myndi feta í fótspor föður síns enda var hann orðinn lagtækur smiður strax sem smápeyi. Um fermingaraldurinn fór hann að smíða með föður sínum og innan við tvítugt var hann farinn að smíða sjálfstætt. Alltaf vann hann einn við smíðarnar sem hann stundaði allt til dánardægurs.

Ekki er með vissu vitað hver marga báta Óli smíðaði á lífsleiðinni, sjálfur taldi hann að þeir væru um 400 og er með ólíkindum að einn maður skuli hafa afkastað slíku. Bátasmiðarnar voru nefnilega ekki aðalstarf Óla, hann var sjómaður í nær sextíu ár og stundaði bátasmiðina í hjáverkum, í skammdeginu og yfir haustmánuðina, fram að vertíðarbyrjun, oftast við slæmar aðstæður, undir Skiphellum eða í fiskikrómi.

Bátarnir, sem Óli í Litlabæ smíðaði, þóttu afbragðs sjóskip. Langt fram eftir síðustu öld voru svonefndir skjögtbátar notaðir til að ferja línubjóð út í báta sem lágu á bóli. Einnig voru skjögtbátarnir notaðir þegar farið var upp í Landeyjasand. Óli smíðaði marga tugi af skjögtbátum og um 1930 breytti hann lagi þeirra, gerði þá léttari til róðurs og setnings og þótti það mikil framför.¹²

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Helga Hallbergsdóttir: tölvupóstur til HMS 6.2. 2018
- Helga Hallbergsdóttir: tölvupóstur til HMS 9.2. 2018
- heimaslod.is

¹² heimaslod.is

- althingi.is

- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Rvk. haust 1995.

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður; safngripur

27. Almenn umsögn:

Báturinn er m.a. áhugaverður fyrir það að afkastamikill og þekktur bátasmiður, Ólafur Ástgeirsson smíðaði hann. Skjögtbátar voru líka algeng gerð báta á sínum tíma.



Horft niður á skut Fríðu, 2018. Eins og sjá má er hún í góðu ástandi. Ljós. Helga Hallbergsdóttir.



Eiðisbáturinn á Skipasandi, Vestmannaeyjum. Búið er að fletta ofan af honum seglinu. Ljósmynd. HMS 2018

Eiðisbáturinn

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur, áttæringur

3. Hlutverk: Björgunarbátur

4. Eigandi: Sagnheimar, byggðasafn

5. Fyrri eigandi:

- Björgunarfélag Vestmannaeyja

6. Varðveislustaður: Undir segli á Skipasandi, sem er steyppt plan

7. Smíðaár: 1935-1936.

8. Smiður: Runólfur Jóhannsson bátasmiður og skipaskoðunarmaður (1898-1969)

9. Smíðastaður: Vestmannaeyjar

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd og breidd í m: 8,44 x 2,26¹³ x 1,10¹⁴

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Eik og fura¹⁵; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými: Vatnsheldir kassar úr járni eru í stefni og skut

¹³ Jón Allansson 1995

¹⁴ Dýpt bátsins var mæld árið 2018 frá borðstokki og að neðri brún kjalar.

¹⁵ Jón Allansson 1995



Eiðisbáturinn á Eiðinu, 1936-1938. Ljós.: Sagnheimar

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Horft ofan í Eiðisbátinn. Málning er mikið flögnuð og báturinn fúinn en heillegur. Ljós.: HMS 2018

20. Notkunarsaga:

Runólfur Jóhannsson var yfirsmiður hjá Skipasmíðastöð Vestmannaeyja. Hann smíðaði tvo báta til björgunarstarfa á árunum 1935-1936. Annar þeirra var hafður á Skansinum en hinn á Eiðinu en af því dró hann nafn sitt. Hafnarstjórnin lagði til hús undir bátana en Runólfur Jóhannsson

hafði yfirumsjón með þeim. Húsið á Eiðinu stendur líklega enn. Hægt var að opna það á tvo vegu, til innri hafnar og út fyrir Eiði til norðurs.¹⁶

Í Eiðisbátnum eru sérstök flotrymi, vatnsheldir málmkassar, sem áttu að fyrirbyggja að báturinn gæti sokkið. Hann var sjósettur 24. maí 1936. Árið 1938 var svo tekin ákvörðun í stjórn Slysavarnafélags Íslands að kaupa nýjan bát frá Kaupmannahöfn til að sinna björgunarmálum á Eiðinu og var Eiðisbátnum lagt í kjölfarið.

Eiðisbáturinn var ekki oft notaður til björgunarstarfa en nokkuð var um að hann væri notaður til róðraefinga, m.a. höfðu skátar aðgang að honum.¹⁷

Björgunarbáturinn sem var á Skansinum var heldur minni. Hann er nú glataður. Ekki er vitað til þess að fleiri bátar séu enn til sem Runólfur Jóhannsson skipasmiður smíðaði og er Eiðisbáturinn því líklega síðasti minnisvarðinn um hann.

Björgunarfélag Vestmannaeyja gaf Byggðasafni Vestmannaeyja bátinn árið 1992 og var hann gerður upp í sem næst upprunalegri mynd árið 2002. Runólfur Jóhannsson skráði smíðasögu Eiðisbátsins og frásagnir af fyrstu ferðum hans. Er hún varðveitt á Skjalasfni Vestmannaeyja.¹⁸



Barkur Eiðisbátsins. Ljós. HMS 2018

¹⁶ Jón Allansson 1995

¹⁷ Jón Allansson 1995

¹⁸ Helga Hallbergsdóttir: Eiðisbáturinn. „Afmæli safnanna“ (Eyjafréttir 12. nóv. 1992)



Skutur Eiðisbátsins. Fremst og aftast í bátnum eru vatnsheldir járnkassar sem ætlað var að halda bátnum á floti ef honum hvolfdi. Ljósm. HMS 2018

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Helgaslysið. Þó að báturinn væri ekki í notkun nema í um tvö ár fór hann allnokkrar fræknar sjóferðir þar sem náð var í slasaða sjómenn, fólk var selflutt í land og skip aðstoðuð í háska. Eiðisbáturinn kom m.a. við sögu þegar Helgi VE 333 fórst við Faxasker 6. janúar 1950 í aftakaveðri með 10 manns. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að koma skipverjum til bjargar.

Daginn eftir héldu 13 menn út á Eiðisbátnum út í Faxasker. Átta menn voru undir árum og Benóný Friðriksson (Binni í Gröf) hélt um stjórnvölinn. Komust menn við illan leik í Faxasker þar sem tveir skipverjar fundust króknaðir úr kulda og vosbúð. Var báturinn þá notaður til að flytja lík skipsbrotmannanna í land. Helgaslysið lifir í minni Eyjamanna sem einn af skelfilegustu atburðum sjósögunnar og gerðist rétt við bæjardyrnar.

Faxasker er um 10 m hátt sker norðan við Ystaklett. Skerið er að mestu gróðurlaust því algengt er að brimi yfir það í vondu veðri. Oft er það mikill öldugangur á milli Faxaskers og Ystakletts, jafnvel þegar lygnt er, að róðrarmenn höfðu fyrir sið að stoppa til hvíldar við Lat áður en róið var inn í innsiglinguna á Heimaey.¹⁹

Eiði er norðan við Heimaklett, steinsnar frá núverandi höfn. Þess er getið í Landnámu og kallað þar Þrælaeiði.

22. Ástand báts: Sæmilegt / slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Hann er upprunalegur

24. Viðhald og viðgerðir:

¹⁹ Wikipedia.org

Báturinn var gerður upp í sem næst upprunalegri mynd árið 2002. Hann var lengi fyrir utan Byggðasafn Vestmannaeyja gestum og íbúum til ánægju. Í nóvember 2012 fauk hann til í fárviðri en skemmdist þó lítið. Var honum þá komið í hús og síðan út á plan þar sem var breitt yfir hann og bíður hann enn frekari ákvörðunar um viðgerðir. Ljóst er að ef ekki verður fljótlega brugðist við og bátnum komið inn í hús, þá er hann ónýtur.²⁰



Gat á botni Eiðisbátsins. Annars er hann nokkurn veginn óbrotinn. Ljós. HMS 2018

25. Heimildir:

- Helga Hallbergsdóttir. „Eiðisbáturinn.“ Tvíblöðungur, 2013
- safnahus.vestmannaeyjar.is ársskýrsla 2002
- Arnþór Helgason: Helgaslysið við Faxasker 7. janúar 1950. Þáttur í RÚV, Rás 1.
- „Afmæli safnanna.“ Eyjafréttir 12. nóvember 1992
- wikipedia.org
- heimaslod.is

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður; safngripur

27. Almenn umsögn:

Eðisbáturinn á sér forvitnilega sögu sem björgunarskip þó að stutt væri. Hann er einnig eini bátur Runólfs Jóhannssonar (1898-1969), bátasmiðs, sem hefur varðveist. Hann er jafnframt forvitnilegur fyrir sérstaka hönnun. Ef honum verður ekki komið inn í hús þá mun hann fljótt eyðileggjast.



Borðstokkur Eiðisbátsins. Ljós.: HMS 2018

²⁰ Helga Hallbergsdóttir: „Eiðisbáturinn“



Farsæll á Skipasandi, Vestmannaeyjum. Búið er að fletta ofan af honum segli sem annars skýlir honum. Ljós. HMS 2018

Farsæll

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur; upphaflega fjórróinn, síðar sexæringur

3. Hlutverk: Fiskibátur (handfæraveiðar)

4. Eigandi: Byggðasafn Vestmannaeyja, síðan 1956

5. Fyrri nöfn og eigendur:

- Upphaflegt nafn: Hvolshreppsbatúrin
- Ísak bóndi Sigurðsson í Miðkoti eignaðist bátinn þegar Hvolhreppingar hættu að nota hann
- Síðasti eigandi bátsins var Jón bóndi Tómasson í Hvítanesi, tengdasonur Ísaks Sigurðssonar.²¹

6. Varðveislustaður: Innandyra í Þekkingarsetri; settur þangað 18. des. 2018

7. Smíðaár: 1872

8. Smiður: Tómas bóndi Jónsson, Arnarhóli í Landeyjum

9. Smíðastaður: Arnarhóll í Landeyjum

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 6,0 x 1,93 x 1,0²²

²¹ Helga Hallbergdóttir: Tölvupóstur til HMS dags. 6.2. 2018

²² Samkvæmt Jóni Allanssyni er stærðin 6,24 x 1,94

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Viður; skarsúð



Stefni Farsæls, utan frá og innan. Á neðri myndinni má sjá að byrðingurinn er að losna frá stefninu. Ljós. HMS 2018

13. Skrokklag: Landeyjalag ²³

14. Pílför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Eitt mastur og segl

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Farsæll á Skipasandi, Vestmannaeyjum, Skuturinn. Ljós. HMS 2018

20. Notkunarsaga:

Báturinn var gerður út frá Landeyjasandi til ársins 1930. Landeyjalag var vel þekkt í Vestmannaeyjum á 19. öld því að nokkur nafnkunn skip Eyjamanna, svo sem Gideon, Trú og Ísak, voru smíðuð á Ljótastöðum í Landeyjum.

Upprunalega var báturinn fjórróinn, en síðar sett á hann þriðja ræðisparið. Þessi stærð báta er talin hafa verið algeng í Landeyjum og í Vestmannaeyjum á sumarbátum svokölluðum og voru þeir kallaðir jul í Eyjum, a.m.k. meðan þeir voru aðeins fjórrónir.

Tómas Jónsson, sem smíðaði bátinn, smíðaði einnig naglana í byrðinginn og allt annað, sem bátsins er. Báturinn var upphaflega smíðaður fyrir Hvolshreppinga. Þess vegna var hann um

²³ Þorsteinn Þ. Víglundsson, hvatamaður að stofnun Byggðasafns Vestmannaeyja og skrásetjari minja safnsins, notar orðið Landeyjalag í Minjaskrá Byggðasafns Vestmannaeyja. Lúðvík Kristjánsson talar sennilega bara um sandalag. Spurning er hvað Þórður Tómasson kallar þessa báta.

árabil kallaður Hvolshreppsbatúrin. Hvolshreppingar stunduðu sjó á honum frá Landeyjasandi, og lágu þeir þá oftast við í Miðkoti eða á Arnarhóli.

Um 1920 hlaut báturinn fast nafn, nafnið Farsæll, sökum þess hversu farsæll hann hafði alltaf reynst. Aldrei höfðu slys eða meiðsli átt sér stað á honum við útgerð hans. Fengsæll hafði hann jafnan reynst og var það alltaf.

Þessir menn voru formenn á Farsæli: 1) Einar bóndi í Garðsaukahjáleigu í Hvolshreppi. 2) Kristján bóndi á Árgilstöðum í Hvolshreppi. 3) Ísak bóndi Sigurðsson í Miðkoti. Ísak eignaðist bátinn þegar Hvolshreppingar hættu að nota hann.

Síðasti eigandi bátsins var Jón bóndi Tómasson í Hvítanesi, fæddur um 1877.²⁴ Hann var tengdasonur Ísaks Sigurðssonar. Jón fékk sér formann fyrir bátinn, Einar bónda Gíslason í Vestur-Fíflholtshjáleigu. Aldrei voru notuð önnur veiðarfæri á bátinum en handfæri. Árið 1930 var síðast stundaður sjór á bátinum, og var Jón Tómasson formaður á honum síðustu fimm árin.

Bátinum var jafnan vel við haldið, tjargaður og að honum dyttað á hverju hausti. Hann var notaður á bæði vetrar- og vorvertíðum. Stundum var sóttur sjór á honum suður undir Þrídranga. Bátinum var oftast lent vestan við Afallsósa.²⁵



Borðstokkur Farsæls. Ljós. HMS 2018

Byggðarsafnið keypti bátinn, þar sem honum hafði hvolft í Hvítanesi í Landeyjum, lét flytja hann á bifreið til Reykjavíkur og svo þaðan með vb Skaftfellingi til Vestmannaeyja. Þangað kominn kostaði báturinn kr. 900,00. Það var árið 1956. Síðan lét Byggðarsafnið gera mikið við bátinn, m.a. setja í hann ný bönd. Smíði þessi átti sér stað á efsta gangi Gagnfræðaskólans sumarið 1956. Eggert Ólafsson skipasmíðameistari vann það verk. Síðan var báturinn geymdur á efsta gangi Gagnfræðaskólans í 13 ár, þiljaður þar af innst í ganginum. Einar J. Gíslason verkstjóri frá

²⁴ Ismus.is

²⁵ Helga Hallbergdóttir: Tölvupóstur til HMS dags. 6.2. 2018

Arnarhóli í Eyjum greiddi fyrir kaupum á bátnum handa Byggðasafninu. Helgi Benediktsson útgerðarmaður lét flytja hann til Eyja Byggðasafninu að kostnaðarlausu með vb Skaftfellingsi.²⁶

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Miðkot er um 15 km frá Hvalselli, í Vestur-Landeyjum, Rangárvallasýslu. Jörðin liggur að sjó með gott útsýni til Vestmannaeyja.²⁷

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Hann er sennilega óbreyttur. Afturstefni hans gæti þó hafa verið bogið en er beint núna. Bátnum fylgir stýri fyrir bát með bogið afturstefni; það gæti verið af öðrum bát.

24. Viðhald og viðgerðir:

Bátnum var jafnan vel við haldið, tjargaður og að honum dyttað á hverju hausti.

25. Heimildir:

- Helga Hallbergsdóttir: Tölvupóstur til HMS dags. 6.2. og 18.12. 2018
- „Árabátur með Landeyjalagi.“ Minjaskrá Byggðasafns Vestmannaeyja dags. 31.12. 1971
Skrásetjari: Þorsteinn Þ. Víglundsson. (heimaslod.is). Tölvupóstur frá Helgu Hallbergsdóttur til HMS 6.2. 2018
- midkot.is
- Þórður Tómasson: Viðtal við Jón Tómasson, Hvítanesi í Vestur-Landeyjum, 19.10. 1965.
Ismus.is
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Rvk. haust 1995.

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Farsæll er með elstu bátum á landinu og líklega merkasti safngripur Sagnheima. Öll vertíðaskip Eyjamanna frá árabátaöldinni, sem tók yfir 1000 ár, eru löngu úr sögunni. Segja má að Farsæll komist næst þeim. Hann hefur aldurinn til þess, 1872, og er sömu gerðar og svokallaðir sumarbátar sem einnig var róið á vetrar- og vorvertíðum. Farsæll var alltaf gerður út frá meginlandinu en bátar voru oft keyptir þaðan til Vestmannaeyja.

Þörf á skjótum aðgerðum

Sumarið 2018 var Farsæll í mjög viðkvæmu ástandi, utandyra á Skipasandi. Var mjög brýnt að koma honum undir þak og í upphitað húsnæði. Safnvörður Sagnheima, Helga Hallbergsdóttir, lagði sig mjög fram við að finna honum húsnæði sem „sæmdi honum,” þar sem hann gæti verið fólki til ánægju og fróðleiks, en taldi að bæjaryfirvöld væru etv. að verða ónæg fyrir því sem hún segi. Tillaga hennar var að setja bátinn inn í hið nýja Þekkingarsetur Vestmannaeyja, hafa hann þar til sýnis og hafa allskyns upplýsingar um hann og árabátaútgerð í kring. Hún hafði hvorki fengið já né nei við því. Þess vegna m.a. gæti hún vel þegið bréf frá mér um gildi bátsins og mikilvægi þess að varðveita hann. Það mætti vera nokkuð harðort. Bréfið sendi ég á

²⁶ „Árabátur með Landeyjalagi.“

²⁷ midkot.is

haustdögum. Þriðjudaginn 18. desember 2018 gerðist það síðan að bátinn var settur inn í Þekkingarsetrið. Hann var rennblautur og líkur á að hann mundi springa illa ef ekkert væri að gert. Þess vegna var borið á hann efni sem dregur úr þurrkhraðanum og um leið sprungumynduninni.



Farsæll á Skipasandi sumarið 2018. Hann er nánast óbrotinn, eins og sjá má, en fúinn og viðkvæmur. Ljós. HMS 2018



Farsæll eins og hann var á sýningu Byggðasafnsins til ársins 2011. Ljós. Byggðasafn Vestmannaeyja 2003



Farsæll undir plasti á Skipasandi. Ljós. HMS 2018



„Litli báturinn” á Skipasandi, Vestmannaeyjum, með seglyfirbreiðslu, milli Farsæls og Eiðisbátsins. Ljós. HMS 2018

„Litli báturinn”

1. Safnnúmer:
2. Tegund: Árabátur
3. Hlutverk: Fjárflutningar
4. Eigandi: Sagnheimar, byggðasafn
5. Fyrri eigendur: Menn sem settu fé sitt út í Elliðaey
6. Varðveislustaður: Hvílir undir segli á Skipasandi.
7. Smíðaár:
8. Smiður:
9. Smíðastaður:
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m:
12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur
13. Skrokklag: Landeyjalag
14. Þilför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:
17. Möstur og seglabúnaður:
18. Vél:
19. Siglingatæki og annar búnaður:
20. Notkunarsaga:

Báturinn var smíðaður eftir bát sem Sigurjón Ingvarsson (1895-1986) skipstjóri, kenndur við Klömbru, átti. Menn sem áttu fé í Elliðaey létu smíða hann. Elliðaey er mjög grösug og þar var heyjað fyrrum og einnig hagaganga fyrir fé og jafnvel nautgripi.²⁸ Í ágúst 1952 var kýr flutt frá Landeyjum til Vestmannaeyja á sambærilegum báti, sem þótti afrek vegan þess hve lítil hann var.²⁹ Báturinn var lengi fyrir utan Safnahúsið við hlið Eiðisbátsins og fauk í sama veðri 2012.³⁰

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Elliðaey er grösugust af minni eyjunum og var notuð til beitar

22. Ástand báts:

Hann er afskaplega illa farinn, fúinn og margbrotinn eftir að hann fauk árið 2012.³¹

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Báturinn er eftirgerð þekkts báts. Ekki er vitað hver smíðaði hann og ekki ljóst hve nákvæm eftirgerðin var.

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Magnús Guðjónsson frá Reykjum (aðalheimild Helgu Hallbergsdóttur safnvarðar)
- Helga Hallbergsdóttir: Tölvupóstur til HMS 5.2. 2018
- Wikipedia.org
- Georg, starfsmaður Þekkingarseturs Vestmannaeyja

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

Vitneskja um sögu og ástand bátsins er takmörkuð. Gildi bátsins felst aðallega í því að hann er eftirgerð ferju sem notuð var til fjárflutninga til og frá Elliðaey. Hver notkun þessa báts var kemur ekki fram í heimildum. Slæmt ástand hans dregur úr vægi hans.

²⁸ Wikipedia.org

²⁹ Magnús Guðjónsson frá Reykjum

³⁰ Helga Hallbergdóttir

³¹ Upplýsingar um ástand bátsins eru frá Georg, starfsmanni Þekkingarseturs í Vestmannaeyjum og um sjónarmanni með bátunum á Skipasandi. Seglið var ekki tekið af bátnum þegar farin var vettvangferð til Vestmannaeyja árið 2018 vegna þess að Georg fullyrta að bátnum yrði fleygt.



Kajak í eigu Sagnheima, Byggðasafns Vestmannaeyja, 2018. Ljósmynd: Helga Hallbergsdóttir.

Kajak

1. Safnnúmer: 1989/40
2. Tegund: Árabátur, eins manns far
3. Hlutverk: Svartfuglaveiðar
4. Eigandi: Sagnheimar, byggðasafn (síðan 1989)
5. Fyrri nöfn og eigendur:
Báturinn bar aldrei neitt sérstakt nafn
- Ólafur Ólafsson, Óli á Létti
6. Varðveislustaður: Geymsla Byggðasafnsins
7. Smíðaár: Um 1940
8. Smiður: Ólafur Ólafsson (Óli á Létti)(1900-1978) og Friðrik Jesson (1906-1992)
9. Smíðastaður: Vestmannaeyjar
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd og breidd í m: 4,81 x 0,90 (stærð ops: 138 x 49 sm)
12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Trégrind klædd með striga
13. Skrokklag: Að grænlenksri fyrirmynd
14. Þilför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:
17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður: Með fylgja tvær árar, 164 sm að lengd

20. Notkunarsaga:

Tveir kajakar voru smíðaðir í Vestmannaeyjum um 1940. Smiðir voru Óli á Létti og Friðrik Jesson, íþróttافرömuður. Bátarnir voru smíðaðir að grænlenskri fyrirmynd. Bátur Friðriks er ónýtur en bátur Óla var gefinn á safnið 1989.



Óli á Létti, 1971. Ljósmynd: foto.vestmannaeyjar.is

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Helga Hallbergsdóttir: Tölvupóstur til HMS 22.2. 2018

- Helga Hallbergsdóttir: Tölvupóstur til HMS 5.3. 2018

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Kajakinn er einn af fáum slíkum í eigu íslenskra minjasafna. En hann hefur kannski ekki verið mikið notaður því að skotveiðar á kajak eru vandasamar.



Opið á kajaknum, 2018. Ljósmynd: Helga Hallbergsdóttir

Ath

Björgunarbátur (gúmmíbátur)

Þessi björgunarbátur er einn af þeim fyrstu, sem hingað voru keyptir og settir í vélbát. Hann var notaður hér í 8 ár (1952-1960), en þá voru fullkomnari björgunarbátar komnir til sögunnar. Gefendur: Bræðurnir frá Engey við Faxastíg, Sigurður og Sigurjón Jónssynir.

